

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	20.8.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og þjónustu við mengunarvarnir í stöðinni eru góðar. Magn og gerð móttakinnar úrgangsolíu, og spilliefna skráð, einnig mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim (frávikaskýrslur).

Eftir að tæring á löndunarlögn fyrir svartolíu olli mengunaróhappi í ágúst í fyrra, hefur verið unnið að viðgerð á einangrun og kápu um allar lagnir á Eyjagarð. Því verki er nánast lokið. Ekki verða frekari eftirmæli út af þessu.

Í maí barst kvörtun til Umhverfisstofnunar vegna „lyktar“ frá olíubirgðastöðvunum í Örfirisey. Lyktin er rakin til vinnslu úrgangsolíu í stöð Olíudreifingar ehf. Haft var samband við stöðvarstjóra Olíudreifingar í Örfirisey sem tók að sér að skoða málid og vinna að mótvægisáðgerðum eða að koma í veg fyrir lyktarmengun frá stöðinni. Olíudreifing ehf. hefur keypt íblöndunarefnini sem dregur úr lyktarmengun og/eða eyðir lykt. Efnið verður blandað í stóra olíuskilju þar sem vinnsla úrgangsolíunnar fer fram þegar upp kemur sterk lykt af hráefninu, þ.e. unnin er gömul vatnsblönduð olía. Aðrar mótvægisáðgerðir eru til athugunar hjá fyrirtækinu.

Nítján birgðageymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Geymi nr. T0170 (nr. 1 í stöðinni) skal þykktarmæla næst. Þróunarprófanir á lögnum utan þroa hafa borist og verið samþykktar.

Bensín er geymt í stöðinni og skal skýrsla um virkni gufuendurnýtingarbúnaðar berast Umhverfisstofnun á árinu.

Allar olíuskiljur hafa verið þjónustaðar og mælast olíuleifar ekki í fráveitu stöðvarinnar þegar notað er olíupróf Maceray-Nagel. Sjálfvirkir skynjarar eru í frárennsli stöðvarinnar. Skynjist olía í frárennslinu lokast raflokar, dælur stöðvast og tilkynning berst vaktmanni og stöðvarstjóra um atburðinn. Olía á því ekki að geta borist í lagnakerfi borgarinnar né dælustöð við Ánanaust.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík,

21.08.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.